



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5.8.2025
Málsnúmer: 202507-0012
IAS

Efni: Skógrækt í landi Þverár, Reykjahverfi. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun frá 7. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn fyrirhugaðrar (þegar hafinnar) skógræktar í landi Þverár í Reykjahverfi.

Yggdrasill Carbon áformar skógrækt í landi Þverár í Norðurþingi. Heildar verkefnasvæði framkvæmdar er 199 ha en gert er ráð fyrir að 128 ha þess lands verði til skógræktar. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta sípekjuskóg sem bindur kolefni og græðir upp raskað land.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Gróður.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdasvæðið nánast algróið og eru helstu vistgerðir fjalldrapamóavist, fléttumóavist og víðikjarrvist. Mjög lítill hluti landsins er raskaður og því er ekki hægt að sjá að landið henti því markmiði framkvæmdarinnar að græða upp raskað land. Nauðsynlegt er að gróður verði skoðaður nánar þar sem vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mæliskvarðanum 1:25.000 sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða.

Fuglar.

Sérstaða íslenskrar fuglafánu felst í tiltölulega fáum tegundum en í sumum tilfellum mjög stórum stofnum. Það á t.d. við um vaðfugla og stendur Ísland undir stórum hluta heimsstofns nokkurra tegunda, sem teljast þar af leiðandi til ábyrgðartegunda okkar. Er þéttleiki þeirra hérlendis líklega einstakur á heimsvísu. Þessa sérstöðu ber að varðveita og ekki er hægt að leggja að jöfnu náttúrulegan lífbreytileika við tilbúin vistkerfi með erlendum trjátegundum sem laða til sín nýjar tegundir fugla sem eru algengar í nágrannalöndunum. Verði þessi nýju búsvæði í þokkabót til á kostnað búsvæða tegunda sem fyrir eru getur slíkt aldrei talist jákvæð þróun fyrir líffræðilegan fjölbreytileika hérlendis.

Talningar benda til þess að fækkun eigi sér stað hjá nokkrum tegundum vaðfugla sem eru nú komnir á valista (1). Vaðfuglum stafar einkum hættu af landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snögglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi (2). Skógrækt felur ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (3).



Ekki er vísað í nein gögn í matskyldufyrirspurninni því til stuðnings að bent hafi verið á að heiðlour og spói kjósi að halda sig í nálægt við skógarjaðarinn (sjá kafla „3.3.2 Fuglalíf“ í matskyldufyrirspurn) en þetta er í mótsögn við heimildir (3).

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og þar ber hæst Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningurinn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu, og AEWA-samningurinn um farfugla í Atlantshafi. Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda og sérstaklega ábyrgðartegunda en flestar tegundir vaðfugla hérlendis teljast til ábyrgðartegunda Íslands. Afar brýnt er að huga að þessum skuldbindingum, einkum í ljósi þeirrar fækkunar sem nú er að eiga sér stað, og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á búsvæði vaðfugla við hvers kyns framkvæmdir.

Meta þarf mjög vandlega möguleg áhrif áformaðrar skógræktar á fuglalíf svæðisins, sér í lagi þeirra tegunda sem teljast til ábyrgðartegunda sbr. umfjöllunina hér að framan. Ekki liggja fyrir nein gögn um fugla á svæðinu en líklegt er að þar sé mikið fuglalíf. Mikilvægt er að mófuglar verði taldir og einnig er æskilegt að kanna fuglalíf á aðliggjandi svæðum vegna jaðaráhrifa.

Verndarsvæði.

Framkvæmdasvæðið er innan vatnasviðs Mývatns og Laxár og skoða þarf áformin með það í huga hversu vel þau samræmast markmiðum laga nr. 97 frá 2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu:

„Markmið laga þessara er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.“

Almennt um framkvæmdina.

Áformuð skógrækt nær yfir stórt svæði og mjög mikilvægt er að greina vel hver áhrif hennar geta orðið á umhverfi og náttúru þess svæðis sem og næsta nágrennis. Um vel gróið svæði er að ræða þar sem líklegt er að fuglalíf, sér í lagi mófuglalíf, sé ríkulegt. Svo víðfeðm skógrækt er einnig líklegt il að hafa töluverð áhrif á landslag svæðisins sem er að hluta innan náttúruverndarsvæðis eins og bent er á hér að framan.

Eitt aðalmarkmið framkvæmdarinnar er að rækta síþekjuskóg til kolefnisbindingar. Eins og Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á í umsögnum um skógrækt þá hafa vísindamenn varað við þeirri áherslu sem hefur verið lögð á skógrækt til kolefnisbindingar á norðurslóðum. Meðal annars hefur ítrekað verið bent á að svokallað albedo (hlutfall sólargeislunar sem yfirborð jarðar endurvarpar) getur stórlega dregið úr ávinningi skógræktar á norðlægum slóðum til að sporna við hlýnun þar sem skógarþekja endurvarpar sólargeislun síður en opið land (4-6). Við ákveðnar aðstæður geti skógrækt meira að segja haft gagnstæð áhrif á loftslag, þ.e. valdið hlýnun fremur en kælingu (4, 7)). Í greinargerðinni eru með engu brugðist við þessum athugasemdum en stofnunin telur mikilvægt að lagt sé mat á þennan þátt í umhverfismatsskýrslu og að slíkt mat byggi á mælingum.

Þá er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) (8) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru (9) og mögulega einnig sitkagreni (10).



Það er óheppilegt að fyrirspurn um matskyldu fari nú fram eftir að framkvæmdir eru hafnar. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að framkvæmdin fari í umhverfismat. Landið er nánast algróið og því er ekki verið að græða upp raskað land. Mikilvægt er að gerð sé grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á líffræðilega fjölbreytni og þá náttúru sem fyrir er. Þá þarf mögulegur ávinningur framkvæmdanna að koma skýrt fram.

Virðingarfyllt,
Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Heimildir.

- (1) <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>
- (2) Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.
- (3) Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. Journal of Applied Ecology, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>
- (4) Bala, G., Caldeira, K., Wickett, M., Phillips, T. J., Lobell, D. B., Delire, C., & Mirin, A. (2007). Combined climate and carbon-cycle effects of large-scale deforestation. Proceedings of the National Academy of Sciences, 104(16), 6550–6555.
- (5) Hasler, N., Williams, C.A., Denney, V.C., Ellis, P.W., Shrestha, S., Terasaki Hart, D.E., Wolff, N.H., Yeo, S., Crowther, T.W., Werden, L.K. and Cook-Patton, S.C., 2024. Accounting for albedo change to identify climate-positive tree cover restoration. Nature Communications, 15(1), p.2275.
- (6) Weber, J., King, J.A., Abraham, N.L., Grosvenor, D.P., Smith, C.J., Shin, Y.M., Lawrence, P., Roe, S., Beerling, D.J. and Martin, M.V., 2024. Chemistry-albedo feedbacks offset up to a third of forestation's CO2 removal benefits. Science, 383(6685), pp.860–864.
- (7) Kristensen, J.Å., Barbero-Palacios, L., Barrio, I.C. et al. Tree planting is no climate solution at northern high latitudes. Nature Geoscience. 17, 1087–1092 (2024). <https://doi.org/10.1038/s41561-024-01573-4>
- (8) Pörtner, H.O., R.J. Scholes, J. Agard et al. 2021. Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. doi: 10.5281/zenodo.5101125. url: <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>
- (9) Wasowicz, P., Óskarsdóttir, G., & Þóra, E. Þ. (2025). Lodgepole pine (pinus contorta douglas ex loudon) invasion in subarctic iceland: Evidence from a long-term study. NeoBiota, 97, 47–66. <https://doi.org/10.3897/neobiota.97.134047>
- (10) Nygaard, P. H., & Øyen, B.-H. (2017). Spread of the Introduced Sitka Spruce (Picea sitchensis) in Coastal Norway. Forests, 8(1), 24. <https://doi.org/10.3390/f8010024>